

fógetans fyrir skyldleikasakir setts fógeta og gerðarbeiðanda, með tilvisun í 2. tl. 36. gr. laga nr. 85 1936 svo og með skírskotun til 7. tl. 36. gr. sömu laga.

Nú er skyldleika gerðarbeiðanda, Sigurðar Sigurðssonar sýslumanns, og ofanefnds setufógeta þannig háttað, að þeir eru skyldir að öðrum og þriðja lið til hliðar. Fyrir skírskotun sinni til 7. tl. ofangreindra lagagrein- ar færir umboðsmaður gerðarþola engin rök, enda þar á engum rökum að byggja.

Gerðarbeiðandi hefur haldið því fram í málinu, að hann sé ekki aðili þessa fógetamáls í réttum skilningi þess orðs, heldur fyrirsvarsmaður aðilja (málflytjandi hins opinbera) og umboðsmaður. Skyldleiki fógetans við gerðarbeiðanda er tæplega nógu náinn, til að hann verði heimfærður undir 2. tl. 36. gr. laga nr. 85/1936.

Þar sem skilningur gerðarbeiðanda verður að teljast réttur á því atriði, að hann sé fyrirsvarsmaður aðilja, þá er það vafalaust samkvæmt 3. tl. 36. gr. laga nr. 85/1936, að skyldleiki fógetans og margnefnds gerðarbeið- anda er ekki svo náinn, að fógeta beri að víkja sæti.

Því úrskurðast:

Hinn setti fógeti, Árni Þorbjörnsson cand. jur., vikur ekki sæti í máli þessu.

Miðvikudaginn 27. júní 1951.

Nr. 162/1949. **Ákærvaldið** (Guttormur Erlendsson)  
gegn

**Ragnari Frímanni Kristjánssyni**  
(Ragnar Ólafsson).

Setudómarar próf. Ólafur Lárusson,  
próf. Ólafur Jóhannesson og próf.  
Ármann Snævarr í stað hrd. Árna  
Tryggvasonar, hrd. Jóns Ásbjörns-  
sonar og hrd. Jónatans Hallvarðs-  
sonar.

Maður leystur úr öryggisgæzlu.

**Dómur Hæstaréttar.**

Ákærvaldið hefur samkvæmt ósk stefnda, Ragnars Frí-  
manns Kristjánssonar, skotið til Hæstaréttar með stefnu 21.  
nóvember 1949 dómi aukaréttar Árnæssýslu frá 16. ágúst

1949, þar sem stefnda Ragnar er synjað um lausn úr öryggisgæzlu, er honum var dæmd með dómi aukaréttar Reykjavíkur 2. ágúst 1946. Hæstiréttur skipaði sækjanda og verjanda í málinu hinn 22. marz 1950. Hefur skipaður verjandi gert þá kröfu hér fyrir dómi, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og stefndi Ragnar leystur úr öryggisgæzlu. Með úrskurði Hæstaréttar 17. nóvember 1950 var ákveðið, að sérfræðingur í geðsjúkdómum rannsakaði andlegt heilsufar stefnda Ragnars, áður en málið yrði dæmt í Hæstarétti. Var tilætlunin að fela dr. Helga Tómassyni rannsókn þessa, en með bréfi til Dómsmálaráðuneytisins 3. febr. 1951 mæltist hann undan því. Var þá Alfreð lækni Gíslasyni, sérfræðingi í geðsjúkdómum, falin framkvæmd rannsóknarinnar með bréfi ráðuneytisins, dags. 8. febr. 1951. Tók hann stefnda Ragnar til rannsóknar, og er álitgerð hans dags. 3. apríl 1951. Um niðurstöðu rannsóknarinnar segir svo í álitgerð læknisins:

„Af framanskraðu má þegar ráða, að ég álit Ragnar Frímann Kristjánsson geðveilan mann (psykopat), og enn fremur, að ég tel hann á vissu tímabili (á árunum 1945 og 1946) hafa verið haldinn geðveiki í þengri merkingu þessa orðs (psykosis), en á því tímabili fremur hann fjölda innbrotsþjófnaða, ýmist einn eða í félagi við mann, sem bersýnilega hefur þá líka verið geðbilaður. Ofnautn amfetamins var orsök þessarar geðbilunar, og þegar sú orsök var brott numin, batnaði sjúklingnum. Ég skal geta þess hér, að amfetamingeðveiki er ekki mjög óalgengt fyrirbæri, og ritaði danski prófessorinn Knud O. Möller um hana þegar á árinu 1946.

Amfetamin-sýki Ragnars er stundarfyrirbrigði, sem hann læknast af, en geðveila hans (psykopati) er varanlegt ástand. Þó er ekki þar með sagt, að hegðun hans þurfi til æviloka að haldast óbreytt, frá því sem hún var í æsku. Eins og það er fjarri sanni, að allir psykopatar séu afbrotamenn, er það jafnfráleitt að ætla, að engum geðveilum afbrotaunglingi takist að bæta ráð sitt. Skapgerðarþroskun, þótt lítil sé, getur átt sér stað, og einnig geta umhverfisáhrifin breytt í heilla-vænlega átt.

Það er rétt að benda á, að frá því að Ragnar kemur úr siglingunum 1942, er hann samkvæmt hegningarvottorði rík-

isins ekki viðriðinn þjófnaðarmál fyrr en í *geðveikiskastinu* 1946. Þetta gæti bent á nokkra hegðunarbetrun. Á þessu þriggja ára tímabili gerist hann brotlegur við lög vegna áfengisneyzlu (ölvunar á almannafæri og við akstur), en ekki vegna þjófnaðar. Enn meiri breytinga til batnaðar verður þó vart hjá honum, þegar borin er saman annars vegar dvöl hans sem 15 ára unglings á Kleppi og hins vegar vist hans á vinnuhæli og í fangahúsi síðustu 4—5 árin. Á Kleppi koma fram nærri eingöngu óheppilegir eiginleikar hjá honum, en á síðarnefndu stöðunum fær hann yfirleitt góðan vitnisburð hjá þeim, sem með honum hafa verið.

Ég ræð til þess, að Ragnar Fr. Kristjánsson verði til reynslu látinn laus úr gæzluvist.“

Málið var því næst sent Læknaráði til umsagnar, og er úrskurður þess dags. 15. júní 1951. Er ályktun Læknaráðs á þessa leið:

„Samkvæmt þeim gögnum, sem fyrir liggja, telur Læknaráð ótvírætt, að maður þessi sé geðveill (psykopat) og að glæpahneigð hans eigi a. m. k. að verulegu leyti rót sína að rekja til þess. Auk þessa virðist hann hafa verið haldinn geðveiki (psykosis) á tímabili, og þá í sambandi við amfetaminnautn.

Gera verður ráð fyrir, að geðveila mannsins sé varanleg og að hætt sé við, að hann kunni að fremja afbrot svipuð þeim, sem hann framdi, áður en amfetaminnautnin kom til. Ef eitt-hvað annað kemur til, svo sem amfetaminnautn eða því um líkt, má búast við, að afbrotahneigð hans færist í aukana.“

Með hliðsjón af álitserð Alfreðs læknis Gíslasonar og úrskurði Læknaráðs þykir rétt, eins og heilsufari stefnda Ragnars er þar lýst, að veita honum lausn úr öryggisgæzlu til reynslu, þó með þeim skilyrðum, að lögreglustjóri skipi honum eftirlitsmann, að honum sé tryggður samastaður og starfi og að hann haldi sér algerlega frá nautn eiturryfja, enda sé honum afhent skírteini, þar sem skilyrði þessi eru greind, sbr. 40. og 41. gr. laga nr. 19/1940.

Kostnaður máls þessa greiðist úr ríkissjóði, þar á meðal laun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 1000.00 til hvors, og verjanda í héraði, kr. 500.00.

## Dómsorð:

Stefndi, Ragnar Frímann Kristjánsson, skal til reynslu leystur úr öryggisgæzlu með ofangreindum skilyrðum.

Kostnaður málsins greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs sækjanda fyrir Hæstarétti, Guttorms Erlendssonar hæstaréttarlögmans, kr. 1000.00, og laun skipaðs verjanda í héraði og fyrir Hæstarétti, Ragnars Ólafssonar hæstaréttarlögmans, samtals kr. 1500.00.

## Dómur aukaréttar Reykjavíkur 2. ágúst 1946.

Ár 1946, föstudaginn 2. ágúst, var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var í hegningarhúsinu af Bergi Jónssyni sakadómara uppkveðinn dómur í málinu nr. 1997—1998/1946: Réttvísinn gegn Ragnari Frímanni Kristjánssyni og Gunnari Viggó Jólssyni, sem tekið var til dóms hinn 19. fyrri mánaðar.

Mál þetta er af réttvísinnar hálfu höfðað gegn Ragnari Frímanni Kristjánssyni, Hafnarstræti 20, og Gunnari Viggó Jólssyni húsverði í Pólarbíó, báðum gæzluföngum í hegningarhúsinu hér, fyrir brot gegn XXVI. kafla almenndra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940.

Ákærði Ragnar Frímann er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 3. desember 1921, og hefur, svo kunnugt sé, sætt þessum kærnum og refsingum:

1931 8/4. Kærður fyrir þjófnað. Afgreitt til barnaverndarnefndar.

1932 7/3. — — — Sleppt með áminningu.

1935 24/10. — — — Afgreitt til barnaverndarnefndar.

— 31/10. — — — ósæmilega hegðun.

1936 17/11. — — — þjófnað. Afgreitt til barnaverndarnefndar.

— 19/1. — — — — — — —

1937 19/1. — — — ölvun á dansleik. Látið falla niður.

— 9/2. — — — þjófnað. Afgreitt til barnaverndarnefndar.

— 15/2. — — — — — — —

— 19/2. — — — — — — —

— 20/2. — — — — — — —

— 26/2. — — — — — — —

— 15/9. — — — — — — —

— 10/10. Kærður fyrir bílþjófnað o. fl. Úrskurðaður af Dómsmálaráðuneytinu til dvalar í sveit.

1938 11/10. Dómur aukaréttar, gæzluvarðhald ákærða frá 4/12 1937 til dómsuppsagnar komi í stað refsingar fyrir brot gegn 6. gr. laga nr. 51. 1928, 5. gr., 1. mgr., sbr. 14. gr. bifreiðalaganna og 5. gr. 3. mgr. sömu laga og 11. gr. 3. og 5. mgr. lögreglusambykktar Reykjavíkur. Refsingin ákveðin með hliðsjón 38. og 59. gr. hegningarlaganna.

- 1939 13/2. Áminning fyrir söng á götu að næturlagi.  
 — 17/4. Kærður fyrir þjófnað á 1000 krónum vorið 1936. Látið falla niður, með því að brotið var framið, áður en kærður varð 16 ára.  
 — 16/6. Dómur aukaréttar, 3ja mánaða fangelsi við venjulegt fanga-  
 viðurværi fyrir þjófnað og svik.  
 — 21/9. Dómur sama réttar, 30 daga fangelsi við venjulegt fangaviður-  
 væri fyrir þjófnað.
- 1942 9/12. Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.  
 1943 1/2. Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.  
 1944 3/4. Dómur lögrelguréttar, 15 daga varðhald og sviptur ökuskir-  
 teini ævilangt fyrir ölvun við bifreiðarakstur.  
 — 30/6. Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.  
 — 30/9. Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

Með eigin játningum ákærða, sem eru í samræmi við önnur gögn máls-  
 ins, er sannað, að ákærði Ragnar Frímánn hefur á síðastliðnum vetri og  
 vori framið allmarga innbrotspjófnaði, ýmist einn eða í félagi við ákærða  
 Gunnar Viggó, og að sá síðarnefndi hefur í sumum þeim tilfellum, er hinn  
 fyrrnefndi var einn um þjófnaðina, fengið hluta þýfisins, vitandi, hvernig  
 það var fengið.

Ákærðu hafa þekkt í nokkur ár, en ekki tekið sameiginlega þátt í af-  
 brotum fyrr en á síðastliðnum vetri. Ákærði Ragnar Frímánn var vöku-  
 maður á Hótel Heklu fram að febrúarbyrjun s.l., en var þá látinn hætta  
 því starfi. Var hann á þessum tíma og bæði fyrir þenna tíma og eftir mjög  
 undarlegur í tali og háttum, og kom þeim, sem saman höfðu við hann að  
 sælda, fyrir sjónir sem geðveikur maður. Einnig var ákærði Gunnar Viggó  
 allundarlegur bæði í vetur og vor. Báðir neyttu þeir á þessum tíma mikils  
 af svokölluðum „amphetamintöflum“, sem eru einskonar eiturlyf, og mun  
 þetta hafa haft mjög ill áhrif á þá.

Skulu nú rakin brot þau, er ákærðu hafa orðið uppvísir að:

1. Aðfaranótt 30. marz s.l. fór ákærði Ragnar Frímánn inn í kjallara  
 hússins nr. 4 við Hverfisgötu gegnum gat, sem brotið hafði verið á  
 kjallaravegginn. Kom hann þá að læstum dyrum, sem honum tókst  
 að opna með lykli, sem hann hafði á sér, og komst hann síðar inn í  
 skrifstofu blaðsins Útvarpstíðindi. Þar inni tók hann að eigin sögn  
 um kr. 170.00, en af hálfu blaðsins er talið, að horfið hafi þaðan þessa  
 nótt nálægt kr. 200.00. Síðan fór hann upp á loft í húsinu og reyndi að  
 komast þar inn, en án árangurs. Þá fór hann burtu úr húsinu, eftir að  
 hafa ritað á miða, sem hann skildi eftir í skrifstofu Útvarpstíðinda,  
 og ber miði sá, er fram hefur verið lagður í málinu, þess vott, að sá  
 hafi eigi verið með öllum mjalla, er hann ritaði. Síðar sagði ákærði  
 Ragnar Frímánn ákærða Gunnari Viggó frá þessum þjófnaði og lét  
 hann fá kr. 40.00 af þýfinu, og tók Gunnar við því. Þýfinu virðast  
 ákærðu öllu hafa eytt.
2. Aðfaranótt 3. apríl s.l. fór ákærði Ragnar Frímánn inn um illa lok-  
 aðan kjallaraglugga á smjörlíkisgerðinni Ljómi, Þverholti 21. Inni í

húsinu stakk hann opnar skrifstofudyr með hnif, og inni í skrifstofunum rótaði hann til í skúffum og skápum, en sá þar ekkert féfætt, sem hann hafði ágirnd á. Hann tók ekkert þarna nema eina litla ljósmynd af konu nokkurri, sem hann fór með heim til sín, augnabránalit og varalit. Hann drakk kaffi þarna og borðaði brauð með því, en í hvort tveggja náði hann þarna. Í litlum peningakassa skildi ákærði eftir miða, sem hann hafði ritað á, og er hið sama um þenna miða að segja og þann, er ákærði skildi eftir hjá Útvarpstíðindum.

3. Aðfaranótt 6. apríl s.l. ætlaði ákærði Ragnar Frimann að brjótast inn í rafmagnsvinnustofu verzlunarinnar Rafals á Vesturgötu 2. Hann reyndi að opna dyr á vinnustofunni, en tókst það ekki. Hann braut þá rúðu á húsgagnavinnustofu í sama húsi, opnaði gluggann og fór inn í vinnustofuna og bjóst við að komast þaðan inn í rafmagnsvinnustofuna. Svo varð þó eigi. Í húsgagnavinnustofunni stal ákærði engu, en rótaði þar ýmsu til og skildi þar eftir skrufjárn. Úr vinnustofunni fór ákærði yfir í Fischersund og þar upp á þak á húsi, sem hann vissi ekki, hvað var í, en þetta var kaffibrennsla O. Johnsons & Kaabers h/f. Af þakinu hefur hann farið niður í opið svæði bakvið húsið og brotið þar rúðu, opnað glugga og farið inn. Þarna inni tók hann nokkrar appelsínur, tvo kvensloppa, vasaljós og skrufjárn. Hann fór út úr þessu húsi og kom þá í innilukt port, sem er milli kaffibrennslunnar og Aðalstrætis 4. Þar klifraði hann eftir stiga upp á þakbrúnina á Aðalstræti 4 og komst þar uppi inn um opinn klósettglugga. Klósett þetta var læst, og fór ákærði þá aftur út á þakið og eftir því og inn um annan glugga uppi undir þakskegginu. Sú vistarvera, sem hann þá kom inn í, var ólæst, og komst hann nú inn um húsið. Þar voru læstar skrifstofur, og reyndi hann að opna nokkrar hurðir og tókst að brjóta einar dyr upp. Þar inni rótaði ákærði í skáp og skrifborði og fann peninga, sem hann hafði á brott með sér. Segir hann peningana hafa numið kr. 1460.00, en þeir, sem þarna áttu húsum að ráða, telja, að eigi hafi horfið mema um kr. 800.00. Þegar ákærði hafði fundið peningana, fór hann á brott og skildi eftir dót það, er hann hafði tekið í kaffibrennslunni. Hann skýrði ákærða Gunnari Viggó frá þjófnaði þessum og lét hann fá helminginn af peningunum, og segir Gunnar sig hafa fengið kr. 700.00.
4. Aðfaranótt 8. apríl s.l. brutust ákærðu inn í skrifstofu h/f Leifturs og heildverzlunar Agnars Lúðvíkssonar í Tryggvagötu 28 hér í bæ. Ákærði Ragnar Frimann klifraði yfir portgirðingu nálægt húsi þessu og opnaði portdyrnar innan frá, og kom þá ákærði Gunnar Viggó inn um þær. Þeir brutu rúðu í bakdyrahurð hússins, opnuðu síðan dyrnar og komust inn í húsið. Þeir fóru nú upp á efstu hæð hússins og brutu þar upp dyrnar fyrir skrifstofu h/f Leifturs. Þegar inn var komið, rótuðu þeir í skápum og skúffum og hillum í vörugæymslunni, en fundu enga peninga. Í herbergi inn af skrifstofunni var stór peningaskápur, sem þeir reyndu að brjóta upp, en tókst ekki. Ákærði Gunnar Jól fór þá út til að leita að járnri til að brjóta skápinn upp með. Á meðan hann

var burtu, brauzt ákærði Ragnar Frímann inn í heildverzlun Agnars Lúðvíkssonar, sem var á sömu hæð hússins og skrifstofa h/f Leifturs. Þeir hættu þá við frekari aðgerðir á skrifstofu h/f Leifturs og höfðu ekki tekið neitt þaðan, heldur fóru þeir að leita í heildverzluninni. Þar rótuðu þeir í ýmsu og ruddu skjölum á gólfið. Þeir brutu upp skjalaskáp þarna, tóku úr honum lítinn peningakassa, sem þeir brutu upp. Þeir stálu og skiptu jafnt milli sín þeim peningum, sem í kassanum voru. Eigandi þeirra telur þá hafa numið á annað þúsund króna, ákærði Gunnar Viggó telur þá hafa numið um kr. 1000.00, en ákærði Ragnar Frímann segir ákærða Gunnar Viggó, sem stakk peningunum á sig á staðnum, hafa sagt, að þeir væru 800 krónur.

Ákærði Ragnar Frímann tók þarna einnig blekbyttu, sem hann síðan braut með því að kasta henni í vegg á íshúsi einu hér í bænum. Hann reyndi að stinga opnar með skærum, sem hann tók í skrifstofu h/f Leifturs, dyr að tveimur skrifstofum á sömu hæð og nefndar skrifstofur voru á, en tókst það ekki.

5. Aðfaranótt 14. apríl s.l. fór ákærði Ragnar Frímann inn í Hressingarskálann í Austurstræti og komst inn um eldhúsdyr í portinu. Úr skálanum fór hann upp á loft hússins, en þar eru til húsa heildverzlun Einars Guðmundssonar og hárgreiðslustofa Láru Kristinsdóttur. Ákærði stakk upp dyr að heildverzluninni með borðhnif og kom þá inn á gang einn. Þar voru læstar dyr, er lágu inn í skrifstofu heildverzlunarinnar. Ákærði reyndi með lyklum og verkfærum að opna þessar dyr, en tókst það ekki. Ýmsu rótaði ákærði til þarna í heildverzluninni, en tók þar ekkert nema einn vindlingapakka. Hann ætlaði að stela peningum, en fann enga. Þegar hann sneri frá heildverzluninni, stakk hann upp hárgreiðslustofuna og leitaði þar inni og rótaði ýmsu til, en fann enga peninga, nema e. t. v. eina eða tvær krónur, sem hann kvaðst hafa tekið. Fór hann síðan út við svo búíð.
6. Aðfaranótt 15. apríl s.l. fór ákærði Ragnar Frímann í Þjófnaðartilgangi upp á þak Sláturfélags Suðurlands við Skúlagötu, en kom ekki inn og hvarf frá að stela þar. Síðan fór hann í málningarverksmiðjuna Hörpu og brauzt þar inn. Þar stal hann 800 krónum, en skildi eftir miða, sem hann hafði skrifað einhverja vitleysu á. Að þessu loknu fór ákærði upp á loft í húsinu og brauzt þar inn í þrónastofuna Peysu og vörugeymslu h/f Felds, en stal þar engu. Hann gerði alvarlegar tilraunir til að brjótast inn um fleiri dyr þar uppi, en tókst það ekki. Úr þessu húsi fór ákærði heim til ákærða Gunnars Viggós, sem vissi, að ákærði Ragnar Frímann ætlaði að brjótast einhvers staðar inn í þetta sinn, sagði honum frá innbrotinu og fékk honum kr. 400.00 af þýfinu, sem ákærði Gunnar Viggó tók við og segir sér hafa þótt gott að fá.
7. Aðfaranótt 10. apríl s.l. fór ákærði Ragnar Frímann inn í skrifstofu sementsgeymslu J. Þorlákssonar & Norðmanns með því að stinga borðhnif í læsinguna og ýta hlaupajárninu inn með honum. Inni braut hann upp skúffu og stal úr henni rúmum 80 krónum og hafði á brott með sér.

8. Aðfaranótt 2. maí s.l. brautz ákærði Ragnar Frímanna inn í málningarverksmiðjuna Hörpu. Hann fór inn um dyr á bakhlið hússins, sem lokað var að innanverðu með slagbrandi. Tókst honum utanfrá með jární að losa slagbrandinn frá, og komst hann þá inn í húsið. Hann tók ekkert í húsinu niðri, en rótaði til í skúffum þar í kompu einni, ólæstri. Síðan fór hann upp á loft í húsinu og skar gat á tvær hurðir, sem læstar voru með smekklás og seildist síðan gegnum götin til smekklásanna og opnaði þá og komst þannig inn. Aðrar dyrnar lágu inn í geymslu, og virðist ákærði ekki hafa hreyft þar við neinu. Hinar lágu inn í aðalskrifstofuna, og þar inni opnaði hann eða braut upp skrifborðsskúffur og braut upp hornskáp og leitaði í þeim, en fann enga peninga og fór burtu án þess að stela nokkru.
9. Aðfaranótt 4. maí s.l. brautz ákærði Ragnar Frímanna inn í smjörlikisgerðina „Ljóma“ á Þverholti 21 í því skyni að stela þar peningum. Hann braut rúðu í glugga á kjallara hússins og skreið síðan inn um gluggann. Síðan fór hann hindrunarlaust upp á efsta loft hússins og þaðan niður í aðalforstofu þess. Þar stakk hann upp smekklás á hurð einni og komst þannig inn í gang. Úr þessum gangi brautz hann inn í tvær skrifstofur afgreiðslu Smjörlikisgerðanna h/f. Inn í almennu skrifstofuna brautz hann með því að ýta á hurðina, þar til dyrastafurinn klofnaði, en inn í skrifstofu forstjórans fór hann á þann hátt, að hann skar gat á hurðina og seildist gegnum það til smekklássins og opnaði þannig hurðina. Í almennu skrifstofunni braut hann upp peningaskáp og sprengdi síðan upp þrjá peningakassa, sem í skápnum voru, og stal úr þeim að eigin sögn kr. 11601.00, en starfsmenn í skrifstofunum töldu hafa horfið nokkru meira fé. Auk þess opnaði ákærði skúffur og skápa í skrifstofunum og dreifði úr þeim skjölum út um gólfíð, stráði vindlum úr vindlakassa út um gólfíð, reif skjöl í tætlur og dreifði þeim um gólfíð. Frá innbroti þessu fór ákærði beint til ákærða Gunnars Viggós og skýrði honum frá því og lét hann fá helming þýfisins.
10. Aðfaranótt 16. maí s.l. fór ákærði Ragnar Frímanna inn um glugga á bakhlið húss þess, sem heildverzlunin Jóhann Karlsson & Co. er í hér í bænum. Fór hann síðan um skrifstofur heildverzlunarinnar og geymslur og rótaði þar í ýmsu og reyndi á ýmsan hátt að opna þar peningaskáp, en tókst það ekki. Kveðst hann svo hafa haldið, að einhver væri að koma og þotið út í ofboði. Hann virðist engu hafa stolið þarna.
11. Aðfaranótt 19. apríl s.l. brutust ákærðu inn í vélsmiðjuna Steðjann, Skúlagötu 34 hér í bænum. Ákærðu lögðu upp í innbrot þetta frá heimili ákærða Gunnars Viggós, sem er í nánd við vélsmiðjuna. Meðan ákærði Gunnar Viggó dvaldist þar heima, fór ákærði Ragnar Frímanna að vélsmiðjunni og braut rúðu í útidyrhurð hennar, svo að auðvelt var að ná gegnum gatið til smekklássins, sem dyrunum var læst með. Síðan fór hann heim til ákærða Gunnars Viggós og skýrði honum frá þessu verki. Síðan fóru þeir báðir að vélsmiðjunni og inn um nefndar dyr og upp á þriðju hæð hússins. Þar mölvuðu þeir gat á hurð eina og

- seildust gegnum það til smekklássins, sem henni var læst með, og opnuðu þannig dyrnar. Komust þeir þá inn í skrifstofu vélsmiðjunnar og tóku að leita þar og rótuðu þar ýmsu til og dreifðu skjölum um gólfíð, en fundu ekkert fémætt. Þá náðu þeir sér í verkfæri, meðal annars úr trésmiðastofu í húsinu, sem þeir brutu upp, veltu um peningaskáp í skrifstofunni og brutu upp bak hans. Úr skáp þessum stálu þeir að eigin sögn um kr. 7000.00 í íslenzkri og erlendri mynt, en af hálfu vélsmiðjunnar er talið, að þeir hafi eigi stolið svo miklu. Einnig stálu þeir armbandsúri, sem ákærði Ragnar Frímann síðan braut með steini. Þeir brutu einnig upp skjálaskáp í skrifstofunni og rótuðu skjölunum úr honum út um gólfíð, og úr peningaskápnunum dreifðu þeir sparisjóðsbókum og verðbréfum um gólfíð. Af þýfinu átti ákærði Gunnar Viggó óeydda 120 dollara, falda undir gólfdúk heima hjá sér, þegar brotið komst upp, og hefur rannsóknarlögreglan komið þeim til skila.
12. Um kl. 4 aðfaranótt 19. maí s.l. fór ákærði Ragnar Frímann inn um kolalúgu inn í kjallara verksmiðjuhússins Hreinn—Nói—Síríus á Barónsstíg 2. Úr kjallarannum fór hann upp á aðra hæð hússins, þar sem skrifstofur fyrirtækisins eru. Þar skar hann gat á hurð eina, seildist gegnum það til smekklássins, sem dyrunum var læst með, og opnaði þær. Inni í skrifstofunni umrótaði hann ýmsu og dreifði skjölum um gólfíð. Hann reyndi að opna þar peningaskáp bæði með lyklum og verkfærum, en án árangurs. Ákærði tók þarna riffil og hlóð hann og kveðst hafa gert það í þeim tilgangi að drepa einhvern, sem kynni að koma að honum, en undir niðri kveðst hann þó hafa vitað, að hann gæti þetta ekki. Riffillinn fannst hlaðinn og spenntur morgunin eftir við dyr þær, er ákærði fór út um. Eigi varð þess vart, að ákærði hefði stolið neinu úr húsi þessu, og sjálfur kveðst hann engu hafa stolið nema einum litlum krana og hníf, en jafnframt kveðst hann hafa skilið þar eftir verri hníf, sem hann kom með þangað. Meðan hann var þarna inni, kveikti hann á þremur kertum í stjökum, og lifði á þeim um morguninn, þegar að var komið.
13. Aðfaranótt 6. maí s.l. brautz ákærði Ragnar Frímann inn í verzlun Haralds Árnasonar hér í bæ. Hann skreið inn um kolalúgu á bakhlíð hússins og komst þannig inn í kjallarann. Þaðan brautz hann í gegnum skáp einn inn í sölubúðina og fór að skoða sig þar um. Þar klæddi hann sig úr sokkunum og skildi þá eftir, en tók í staðinn nýja sokka og klæddi sig í þá. Einnig tók hann þarna rykfrakka og var að hugsa um að taka hann og skilja sinn frakka eftir, en hætti þó við það. Úr búðinni tók hann varaliti og hafði með sér upp á efri hæðina, en skildi þá svo þar eftir.

Úr búðinni fór hann upp á efri hæð hússins og inn í skrifstofur verzlunarinnar og leitaði þar að peningum. Hann opnaði þar skúffur og umrótaði þar skjölum og dreifði út um gólfíð. Hann braut hurð milli skrifstofanna og gerði freklega tilraun til að opna peningaskáp í skrifstofunni, en tókst það ekki. Auk sokkana stal ákærði í innbroti þessu nálægt 300 krónum í peningum, silkslopp, kvenbuxum, tveimur

varalitum og allmörgum ómerkilegum ljósmyndum. Við húsleit hjá ákærða fundust ljósmyndirnar og sloppurinn, og hefur þeim verið komið til skila.

14. Í síðastliðnum janúarmánuði fóru ákærðu saman inn í Þjóðleikhúsið, og var erindi þeirra þangað það, að ákærði Ragnar Frímanna syngi þar, og gerði hann það. Taldi hann sig hafa mjög góða söngródd og hafði áður æft hana í ýmsum byggingum, svo sem Nesskólanum, sem verið var að reisa. Einum eða tveimur dögum síðar, þ. e. a. s. aðfaranótt 24. janúar, fór ákærði Gunnar Viggó inn um opinn glugga á Þjóðleikhúsinu og upp á þriðju hæð þess og brautz þar inn í skrifstofu Tónlistarfélagssins. Þar inni sprengdi hann upp skrifborð, tók þaðan peningakassa, sem hann síðan skildi eftir niðri í húsinu, eftir að hafa tekið úr honum kr. 2400.00. Eigi skýrði hann ákærða Ragnari Frímanni frá þessu fyrir en löngu síðar og lét hann ekkert fá af peningunum.
15. Í þetta sama sinn fór ákærði Gunnar Viggó inn í húsakynni Leikfélags Reykjavíkur í Þjóðleikhúsinu. Fyrst braut hann opnar dyr að æfingaherbergi félagsins og síðan dyr að skrifstofu þess. Þar opnaði hann ólæst skrifborð, sprengdi upp peningakassa, sem í því var, og tók úr honum þá peninga, sem í honum voru, en það voru nokkrir smápeningar. Einnig stal hann þarna áteknum vindlingapakka. Loks brautz hann þarna inn í annað herbergi, en tók þar ekkert.
16. Nú hefur verið lýst öllum þeim afbrotum, sem ákærðu eru uppvísir að að hafa framið. Öllum þeim verðmætum, sem þeir hafa stolið og eigi eru fram komin samkvæmt framansögðu, hafa þeir eytt. Brot ákærða Ragnars Frímanna varða við 244. gr. hegningarlagna, sbr. sumpart 20. gr. sömu laga. Brot ákærða Gunnars Viggós varða við 244. gr., sbr. sumpart 20. gr. sömu laga, og enn fremur við 254. gr., 1. mgr. sömu laga.

Samkvæmt úrskurði lögregluréttarins rannsakaði dr. med. Helgi Tómasson yfirlæknir geðheilbrigði ákærðu undir rannsókn málsins, og liggja fyrir álitserðir hans um þá báða að þessu leyti. Hann hafði einnig rannsakað þá báða ýtarlega í sama skyni áður. Álit hans á ákærða Gunnari Viggó er, að hann sé hvorki geðveikur, geðveill né fáviti.

Skýrsla yfirlæknisins um ákærða Ragnar Frímanna, dagsett 22. f. m., er á þessa leið:

Ég hef átt tal við Ragnar Frímanna Kristjánsson, pt. Fangahúsinu í Reykjavík, undanfarna daga.

Hann dvaldi á geðveikraspítalanum á Kleppi frá 6. des. 1937 til 11. ágúst 1938, og skilaði ég þá langri álitserð. Niðurstöðurnar voru þessar:

Álit mitt á Ragnari Frímanni Kristjánssyni er þetta:

Hann er hvorki fáviti né geðveikur, en verður að teljast geðveill (psykopat).

Ræður þar vafalaust mest um meðfætt upplag hans og sennilega óheppilegt uppeldi og vandræðafélagsskapur, svo að hann lendir í þjófnaði, allskonar öðrum glæpum og virðist nú vera orðinn samvirklaus með öllu, ef að svo ber undir.

Það er sennilegt, að hjarta- eða æðakerfisveila hans hafi haft nokkra þýðingu, sem sé þá, að hann þegar sem barn þreyttist fyrr þess vegna. Þegar hann er þreyttur, hættir honum við að verða úrillari, nervös og hvorki hann sjálfur, foreldrar hans né aðrir athuga ástand hans sem skyldi. Hann lendir í æ fleiri og fleiri árekstrum, verður æ frekari, stríðnari, lygnari og ágengari, svo að honum hættir enn meira að standa á sama.

Mér er ekki ljóst, hvað unnt er að gera við svona mann hér á landi. Læknismeðferð kemur varla til greina, nema ef vera skyldi fullkomin kastration, áður en allir hinir óheppilegu eiginleikar festast ennþá meira í honum.

Dómur var uppkveðinn í málinu 11. okt. 1938, og var gæzluvarðhald hans þá látið koma í stað refsingar. Árið 1939 fær hann dóma, 13/2, 17/4, 16/6 og 21/9, þann síðasta 30 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi fyrir þjófnað. En 26/9 1939 strauk hann með dönsku skipi Matthildi Mærsk til Kanada, fer þaðan um Philadelphia, New York til Casablanca, til Dublin, til Kristiansand og frá Kaupmannahöfn 31/3 1940 með kryolitskipi til Ivigtut, þaðan til Philadelphia með norsku skipi, sem sigldi til Texas og Lissabon. Þá á ensku skipi til Liverpool, síðan öðru ensku tankskipi til New York, þá með norsku skipi til Buenos Aires, þá aftur til Kanada, svo til Englands og aftur til Ameríku, til San Francisco, Nýja Sjálands, Ástralíu, til baka aftur til Bandaríkjana og með járnbraut þá yfir til New York og þaðan með skipinu Hindu til Íslands 4/12 1942. Alls var hann á þessum árum á fjórtán skipum. Hann eyddi öllu kaupi sínu jafnóðum, kom heim aftur til Íslands „eins og unglíngur, sem kemur úr sveit“. Síðan hefur hann ekki farið úr landi. Hér vann hann fyrst í hitaveitunni, síðan við bílkeyrslu, keyrði í flugvöllinn í hálfu ári, sem endaði með því, að hann ölvaður keyrði á tvo bíla á Laufásveginum og missti þá ökuréttindin. Var hann svo á Litla-Hrauni fimmtíu daga, en var náðaður í tilefni af lýðveldisstofnuninni 1944. Eftir það vann hann við hreingerningar og sitt af hverju, en faðir hans, sem var húsvörður á Hótel Heklu, slasaðist um áramótin 1944-'45. Var hann þá ráðinn húsvörður í hans stað frá 1. febr. 1945. Gegndi hann því starfi, unz hann 1. febr. 1946 var rekinn fyrir óreglu og slæpingshátt. Herbergi sínu hélt hann þó á Hótel Heklu, en aðalatvinna hans varð innbrotstjófnaður, unz lögreglan tók hann fastan fyrir rúmum þremur vikum.

Á ferðalögum sínum stríðsárin virðist hann oftast hafa verið með hinum mesta ruslralýð og oftast í svalli og sukki. Ef skipstjórar eða yfirmenn fundu eitthvað að við hásetana, ruku þeir upp á móti þeim og gengu ef til vill allir af skipinu, því alltaf var hægt að fá nóg pláss á öðrum skipum. Fast kaup, sem hann þá hafði, var yfirleitt frekar lítið, en áhættuþóknun yfirleitt mjög mikil, en þó misjöfn eftir því, á hvaða hafnir þeir sigldu. Á öllum þessum ferðalögum sínum mun hann hafa keypt aðeins eina bók, „Mr. Lewis in Sing Sing“, og segist hafa lesið hana, en annars ekkert lesið nema rétt fréttir, þar sem hann sá ensk blöð í höfnum, sem hann kom í. Síðan hefur hann heldur ekki lesið neina bók í heilu lagi, en þó blaðað í einstaka, enda er hann mjög illa læs. Hann kveðst hafa brotízt inn ósköpin

öll „s.l. þrjá—fjóra mánuði halda þeir“, og „maður er ekkert að fara lengra aftur í tímann en maður er spurður um.“

Við rannsóknina er hann rólegur og skýr, fyllilega áttaður á stað og stundu, engar ofskynjanir eða misskynjanir eða aðrar elementar psykiskar truflanir. Minni hans er ágætt og á köflum frábært. Sjálfálitið og sjálfsánægjan er áberandi, „mikilmennskan“ virðist þó mest í muninum, en hann nýtur þess að storka lögreglunni og yfirvöldunum og að „stáss“ sé að honum gert. Við almenna líkamlega rannsókn er ekkert sérstakt áberandi að finna annað en eftirstöðvar eftir æðakerfisveilu hans. Sérstaklega skal fram tekið, að engin syphilis reaktión var í mænuvökvanum eða blóði.

Álit mitt á Ragnari Frimanni Kristjánssyni er sem fyrr, að hann sé hvorki geðveikur né fáviti, en geðveill (psykopat).

Ævintýrin, sem hann hefur á ferðum sínum lent í, hæfa mjög þessu upplagi hans. Ósvífnin hefur ágerzt enn meira í honum á stríðsárunum, hysterísk frekjuköst og æfing í alls konar yfirskinsátyllum til þess að ljúga sig frá þessu eða hinu. Margskonar klækir og hrekkjabrögð, sem hann hefur lært af ýmsum, sem hann hefur verið með á þessum ferðalögum, hafa og stuðlað að því að þroska hann til þess að verða „fullkomnari“ glæpamaður.

Vera má, að amphetamin eða trúin á það hafi aukið honum hug til þess að ráðast í sum af innbrotunum, en hvort ofurhugmyndir þær, sem hann hefur framsett undir ýmsum kringumstæðum, virkilega eru meintar í alvöru eða standa á nokkurn hátt í sambandi við verkun þess, verður að teljast vafasamt.

Líkur eru til þess, að það sé rétt, að hann hafi verið æstari og óeðlilegri, er vandræði hans í kvennamálum voru sem mest, og hugarvél í því sambandi hafi að mestu valdið ruglingskafla þeim, sem hann virðist hafa haft um áramótin 1945—'46. Aftur á móti virðist hann hafa jafnað sig vel eftir það, því að aðalmeðstarfsmaður hans, Gunnar Jónsson, stúlka sú, sem hann var með upp á síðkastið, áður en hann var tekinn, og fleiri virðast alls ekki hafa látið sér detta í hug neitt óeðlilegt í sambandi við hann. Framkoma hans við lögregluna virðist mér ótvírætt benda á simulation.“

Framkoma ákærða Ragnars Frimanns undir rannsókn málsins, framferði hans við innbrotin og skýrslur hans um það og tilgang sinn með sumum þeirra og loks hegðun hans yfirleitt undanfarna mánuði þykir að álitu réttarins eindregið styðja þá niðurstöðu yfirlæknisins, að ákærði sé geðveill (psykopat), og verður litið svo á, að geðveila hans sé á svo háu stigi, að heimfæra beri hana undir 16. gr. hegningarlaganna og að eigi muni bera árangur að beita hann refsingu. Hins vegar þykir ljóst, að ákærði sé stórhættulegur almennu réttaröryggi, og ber því samkvæmt 62. gr. hegningarlaganna að ákveða, að honum skuli komið fyrir á viðeigandi hæli, og komi sú ráðstöfun í stað refsingar.

Með hliðsjón af 77. gr. hegningarlaganna og með tilliti til fyrri afbrota ákærða Gunnars Viggós þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi í 2 ár. Hann hefur verið í gæzluvarðhaldi frá 5. júní þ. á. og samkvæmt 76. gr.

hegningarlaganna ber að ákveða, að gæzluvarðhaldsvistin komi að fullri dagatölu til frádráttar refsingunni.

Samkvæmt 68. gr., 3. mgr., hegningarlaganna ber að svipta hina ákærðu kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærða Ragnar Frimann ber að dæma til greiðslu málsvarnarlauna skipaðs verjanda síns, hrl. Gunnars Þorsteinssonar, kr. 500.00. Ákærða Gunnar Viggó ber að dæma til greiðslu málsvarnarlauna skipaðs verjanda síns, hrl. Ólafs Þorgrímssonar, kr. 350.00. Allan annan sakarkostnað skulu ákærðu greiða in solidum.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

#### Dómsorð:

Ákærði Ragnar Frimann Kristjánsson skal í stað refsingar sæta dvöl á viðeigandi hæli.

Ákærði Gunnar Viggó Jólsson sæti fangelsi í 2 ár, en gæzluvarðhald hans frá 5. júní s.l. skal með fullri dagatölu koma til frádráttar refsingunni.

Ákærðu eru frá birtingu dóms þessa sviptir kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.

Ákærði Ragnar Frimann Kristjánsson greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, hrl. Gunnars Þorsteinssonar, kr. 500.00.

Ákærði Gunnar Viggó Jólsson greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, hrl. Ólafs Þorgrímssonar, kr. 350.00. Allan annan kostnað sakarinnar greiði ákærðu in solidum.

Dómi þessum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

#### Dómur aukaréttar Árnassýslu 16. ágúst 1949.

Ár 1949, þriðjudaginn 16. ágúst, var í aukarétti Árnassýslu, sem haldinn var í varðstofu vinnuhælisins á Litla-Hrauni af hinum reglulega dómara, Páli Hallgrímssyni, kveðinn upp dómur í málinu nr. 10/1948: Réttvísinn gegn Ragnari Frimanni Kristjánssyni, en málið hafði verið tekið upp samkvæmt fyrirmælum 62. gr. almennra hegningarlaga. Málið var dómtekið samdægurs.

Þann 2. ágúst 1946 var Ragnar Frimann Kristjánsson dæmdur í aukarétti Reykjavíkur, með tilvísun til 16. og 62. gr. almennra hegningarlaga til þess að sæta dvöl á viðeigandi hæli, og þann 24. okt. s. á. var hann settur á vinnuhælið á Litla-Hrauni og hefur dvalizt þar síðan.

Þann 5. nóvember 1946 var séra Árelíus Nielsson, sóknarprestur á Eyrarbakka, tilnefndur af Hæstarétti tilsjónarmaður dómfellda samkvæmt 62. gr. hegningarlaganna. Greindur tilsjónarmaður sneri sér til Dómsmálaráðuneytisins með tilmælum um, að dómfellda yrði veitt reynslulausn, og með bréfi, dagsettu 13. september s.l., lagði ráðuneytið svo fyrir, að málið skyldi að nýju lagt undir úrskurð dómstóla.

Af hálfu Ragnars Frimanns Kristjánssonar hafa þessar réttarkröfur

verið gerðar: að dæmt verði samkvæmt 62. gr. almennra hegningarlaga, að ekki sé nauðsynlegt, að hann sæti lengur dvöl á „hæli fyrir geðveila menn“ og að ráðnum talsmanni hans, hrl. Ragnari Ólafssyni, verði ákveðin hæfileg málsvarnarlaun.

Um hegðun og ástand dómfellda á vinnuhælinu hafa verið teknar skýrslur af tilsónarmanni hans, forstjóra vinnuhælisins, starfsmönnum þar og hælislækninum.

Skulu nú umsagnir þeirra raktar.

Tilsjónarmaður hans, séra Árelíus Nielsson, vottar, að framkoma hans sé yfirleitt þrúðmannleg, enda þótt skapgerð hans virðist nokkuð óþjál og viljinn lítt sveigjanlegur, hann virðist hafa ákveðinn vilja til mannsæm- andi lífs, en gripið hafi hann örvinglunarköst yfir fangavistinni og vonleysi yfir framtíðinni.

Forstjóri vinnuhælisins, Guðmundur Jónatan Guðmundsson, ber það, að dómfelldi hafi strax við komu sína á hælið komið sérstaklega þrúðmann- lega fram. Í fyrstu hafi gætt nokkurs óróa og eirðarleysis í framkomu hans, en síðar hafi það breytzt. Hann hafi verið látinn ganga að störfum með öðrum föngum og hafi í byrjun verið erfitt að halda honum lengi við sama verk, en síðar hafi hætt að bera á slíku. Yfirleitt hafi framkoma hans verið góð, miðað við framkomu annarra fanga, þó sé hann sérlega geðmikill og reiðist illa, ef honum finnst sér gert á móti. Hann hafi gripið örvinglunar- og eirðarleysisköst og hann þá lagzt í rúmið og legið nokkra daga, en klæðzt svo aftur og gengið til vinnu eins og áður. Ekki muni hann hafa haft spillandi áhrif á aðra fanga.

Gæzlumenn hælisins, þeir Bjarni Ágústsson og Gísli Gíslason, sem verið hafa honum samtíða allan dvalartíma hans á hælinu, bera honum það, að hann sé þrúður og stilltur. Bjarni tekur þó fram, að hann hafi gripið reið- köst og hann þá viðhaft stóryrði, en ekki ofbeldi.

Verkstjórar hælisins, þeir Marel Þórarinsson og Sigursteinn Steinþórs- son, er einnig hafa verið með dómfellda allan dvalartíma hans á hælinu, bera honum og gott orð og hafa engar kvartanir yfir honum fram að færa. Marel tekur þó sérstaklega fram, að hann hafi verið hlýðinn og unnið möglunarlaust, það sem honum var sagt að vinna, og hafi það komið fyrir, að hann hafi viðhaft óviðurkvæmileg orð, hafi hann jafnan bedízt afsök- unar fljótlega.

Þann 3. janúar 1948 bar það við, að dómfelldi vildi ekki fara inn í klefa sinn. Varð þá gæzlumaður, Bjarni Ágústsson, að færa hann í klefann með valdi. Varð hann við það ofsareiður og gerði tilraun til að skera sig í handlegginn með rakblaði og særði sig nokkuð með því. Var hælislæknir- inn, Lúðvík D. Norðdal, sóttur til hans, og batt hann sár hans. Var dómfelldi þá vanstilltur, talaði fúkyrði til læknisins og neitaði með öllu að láta setja klemmur á sár sín. Var það og ekki gert, enda taldi læknirinn það ekki mögulegt nema með því að svæfa hann.

Læknir vinnuhælisins framkvæmdi nákvæma skoðun á dómfellda, þegar hann kom á hælið, og hefur síðan fylgzt með honum, er hann hefur komið í læknisvitjanir á hælið, eða dómfelldi hefur leitað til hans. Lækn-

irinn, Lúðvík D. Norðdal, hefur látið uppi um hann eftirfarandi álit, dagsett 10. des. s.l.:

„Ég hefi verið beðinn að láta í ljós álit mitt á fanganum Ragnari Frímanni Kristjánssyni, sem nú dvelur á Litla-Hrauni. Ég hefi haft tækifæri til að lesa umsógn forstjóra téðrar stofnunar um greindan fanga, dags. 6. des. þ. á., og einnig tvö vottorð sóknarprestisins á Eyrarbakka sama fanga viðvíkjandi, dags. 12. apríl þ. á. og 3. des. þ. á.

Vafalaust hefi ég ekki haft eins náin kynni af téðum fanga eins og báðir þessir tilgreindu vottorðsgefundur, enda er því ekki að leyndu, að ég lít nokkuð öðrum augum á fanga þenna en þeir virðast nú gera. Á meðan ég lét ekki í ljós neina vantrú á miklum gáfum hans og vilja til hins góða og gat stillt mig um að brosa að að þeirri staðhæfingu fangans, að hann hefði framið innbrot til þess að „ritningarnar rættust“, — og vitnaði hann þá í því sambandi til þeirra orða, sem höfð eru eftir Kristi: „Ég mun koma eins og þjófur á nóttu“, — þá var framkoma fangans við mig óaðfínanleg. En þegar hann varð þess var, að því myndi víðs fjarri, að ég legði trúnað á, að hann væri hinn endurkomni „Messías“, þá breyttist framkoma hans mjög til hins verra, og það svo mjög, að enginn fangi, sem á Litla-Hrauni hefur dvalizt, hefur í minni nálægð og gagnvart mér komið eins ruddalega fram og téður Ragnar. Hann hefur og aldrei beðið mig afsökunar á ruddalegri framkomu sinni við mig. Þykir mér ekki ósennilegt, að sú framkoma, ein og út af fyrir sig, hefði í ýmsum öðrum löndum en Íslandi til þess enzt, að hann hefði hlotið sérstakan refsídóm fyrir hana. Ég held, að meðal annars sé fanginn haldinn mikilmennskubrjálæði á hæsta stigi. Hann virðist álíta sig afburðamann bæði til líkama og sálar og engan sér jafnsnjallan og að hann hafi „heimsköllun“ að gegna sakir þessara hæfileika sinna.

Ég legg eindregið til, að téðum fanga sé ekki sleppt lausum nema því aðeins, að sérfræðingurinn í taugasjúkdómum, sem áður hefur rannsakað hann, Dr. Helgi Tómasson, telji það óhætt, — og svara tilgangi að reyna það.“

Rétturinn leitaði síðan álits dr. med. Helga Tómassonar, yfirlæknis á geðveikrahælinu á Kleppi. Hafði yfirlæknirinn áður haft dómfellda undir psykiatriskri athugun í 8 mánuði árið 1938 og skilað álitsgerð um. Aftur hafði yfirlæknirinn athugað hann og gefið álitsgerð um hann, áður en ofangreindur dómur féll 1946. Vísar yfirlæknirinn nú til þessara kynna sinna af honum svo og umsagna þeirra manna, sem nú hafa borið vitni um hegðun hans, og álits læknis vinnuhælisins. Er það álit yfirlæknisins, að dómfelldi sé geðveill, psykopat. Álitsgerð yfirlæknisins er dagsett 29. maí s.l., og er niðurstaða hans þessi:

„Af öllum þessum gögnum fram gengur að mínum dómi alveg ótvírætt, að maðurinn er alveg sá sami og hann hefur verið, enda hlýtur slíkt að vera í öllum meginatriðum, þegar um geðveilu (psykopati) er að ræða. Andleg vansköpun eða brenglun er varanlegt ástand, sem ekki breytist hjá fullorðnum manni, svo teljandi sé, nema þá máské á afarlöngum

tíma og undir einhverjum þeim skilyrðum, sem menn tæplega vita verulega um á núverandi þekkingarstigi sálsýkisfræðinnar.

Það sem fyrir liggur að meta í hverju slíku tilfelli er, hvort hegðunarvandkvæði þau, sem af brengluninni eða vansköpuninni muni leiða, eru þess eðlis, að þjóðfélagið geti og vilji umbera þau.

En hver þau hegðunarvandkvæði kunna að verða, er aðeins hægt að gera sér í hugarlund með því að vita nokkurn veginn, hvernig og hve mikil hin andlega brenglan er, sem sumpart fæst með psykiatriskri athugun, sumpart og oft fyrst og fremst með kriminalistiskri athugun á því, sem maðurrinn þegar hefur af sér gert.

Margfaldlega fullnægjandi gögn að þessu leyti liggja að mínu áliti þegar fyrir um þenna mann.“

Í máli þessu liggur fyrir að dæma um það, hvort öryggisráðstafanir þær, sem ákveðnar voru í áðurnefndum dómi aukaréttar Reykjavíkur 2. ágúst 1946, skuli haldast eða hvort ástæða sé til að ætla, að þær nú séu orðnar ónaðsýnlegar sakir breytts heilbrigðisástands dómfellda eða annarra atvika.

Þegar málsástæður eru virtar, verður fyrst að líta á sjúkdómsgreiningu yfirlæknisins. Hann telur dómfellda psykopat og að þar sé um varanlegt ástand að ræða, sem ekki breytist hjá fullorðnum manni, svo teljandi sé, nema þá máske á afarlöngum tíma og undir einhverjum þeim skilyrðum, sem menn tæplega vita verulega um á núverandi þekkingarstigi sálsýkisfræðinnar. Gögn þau, sem liggja fyrir um hegðun dómfellda og ástand á vinnuhælinu, þykja ekki sýna, að slík breyting til bata hafi átt sér stað. Fyrri reynsla af dómfellda bendir ekki til þess, að hættulaust sé vegna réttaröryggis að sýna honum nema takmarkað traust, m. a. var hann undir rannsókn áðurgreinds máls staðinn að simulation. Hegningarvottorð hans sýnir nær óslitin viðskipti hans við lögregluna frá barnsalðri, að undanteknu tímabili því, sem hann ekki dvaldi hér á landi. Að virtum þessum staðreyndum þykir ekki fært að verða við kröfu hans um lausn undan því ákvæði áðurnefnds dóms, að hann sæti dvöl á viðeigandi hæli.

Málsvarnarlaun talsmanns hans hér fyrir réttinum, Ragnars Ólafssonar hæstaréttarlögmanns, sem þykja hæfilega ákveðin kr. 500.00, svo og annar kostnaður sakarinnar, greiðist úr ríkissjóði.

Málið hefir verið rekið vítalaut.

#### Dómsorð:

Krafa Ragnars Frimanns Kristjánssonar um, að hann verði leystur undan því ákvæði dóms aukaréttar Reykjavíkur frá 2. ágúst 1946, að hann sæti dvöl á viðeigandi hæli, verður ekki tekin til greina.

Allur kostnaður málsins, þar með talin málsvarnarlaun talsmanns hans, Ragnars Ólafssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 500.00, greiðist úr ríkissjóði.